



Opinber fjárfesting síðustu ára – átak eða í meðallagi?

Mikið hefur verið rætt um fjárfestingar- og uppbyggingarátak stjórnvalda sem ýtt var úr vör með fjármálaáætlun árunum 2021-2025. Ætlunin var að meginþungi áætlunarinnar yrði árin 2021-2023, m.a. til að bæta upp minni fjárfestingar atvinnuvega en áhrifanna myndi einnig að einhverju leyti gæta árin 2024 og 2025.




Í heild er áætlað að fjármunamyndun alls hafi aukist um 13,3% að raungildi á fyrstu þremur ársfjórðungum 2021 borið saman við sama tímabil fyrra árs. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 24,4% og fjármunamyndun hins opinbera um 9,9%.

Átak eða hefðbundin starfsemi?

Í kynningum og tillögum stjórnvalda hefur margnefnt fjárfestingarátak iðulega verið blásið mikið upp. Í tillögu að nýrri fjármálastefnu segir t.d. að fjárfesting hins opinbera hafi verið aukin síðastliðin ár, m.a. með sérstöku fjárfestingar- og uppbyggingarátaki stjórnvalda til að sporna gegn samdrætti í hagkerfinu vegna faraldursins. Með þessari aukningu sé umfang fjárfestinga nálægt langtímameðaltali árunum 1998–2020.

Meðalhluftfall opinberrar fjárfestingar af VLF á árunum 1998-2020 var 3,9%. Tölur Hagstofunnar, sem yfirleitt eru notaðar í þessu samband, ná aftur til 1995. Meðalhluftfall opinberrar fjárfestingar af VLF á tímabilinu 1995-2020 var aftur á móti 4,2% eða ívið hærra en valið tímabil í samanburðinum. Meðalhluftfallið á árunum 2017-2020 var svo 3,6% og það var 3,3% á árunum 2015-2020.

Samkvæmt þjóðhagsspa Hagstofunnar sem fjárlagafrumvarp næsta árs byggir á er reiknað með að opinber fjárfesting aukist um 19,8% í ár (úr 3,7% af VLF í 4,1%) og minnki svo um 1-6% á næstu þremur árum. Það felur í sér að hlutfall fjárfestingar af VLF verði 4,1% í ár, 4% á næsta ári, 3,8% 2023 og 3,5% 2024. Að meðaltali gefur þetta fjárfestingu upp á 3,8% af VLF á tímabilinu 2020-2024. Hvort að átak sé réttnefni yfir þessa þróun sé miðað við langtímameðaltöl er áhugaverð spurning.






Fjárfestingar ríkissjóðs

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru fjárfestingar ríkissjóðs tæpir 67 ma.kr. í fyrra, eða 2,3% af VLF. Meðalhlutfall fjárfestinga ríkissjóðs af VLF var 2,3% á árunum 1998-2020. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlög hjá ríkissjóði í ár verði um 69 ma.kr. og í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 er gert ráð fyrir rúmlega 71 ma.kr. Þetta þýðir að hlutfall fjárfestinga ríkissjóðs af VLF verður um 2,3% öll þessi ár. Það er því tæplega hægt að tala um mikið átak sé vísað til sögulegs meðaltals í þessu sambandi, en auðvitað eru fjárfestingarnar meiri en var á árunum eftir 2012.

Fjárfestingar ríkissjóðs sem hlutfall af VLF




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Minni fjárfestingar í samgöngum

Á undanförunum árum hefur verið mikið rætt um að styrkja þurfi ýmsa innviði samfélagsins, þar á meðal samgöngu- og raforkukerfið sem þarfnast augljóslega mikils viðhalds. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2022 kemur fram að fjárfestingarframlag til samgönguframkvæmda falli nú niður í kjölfar þess að átakanu lýkur á árinu 2021, en það hefur verið fjármagnað með umframarðgreiðslum frá fjármálafyrirtækjum. Þá kemur einnig fram í frumvarpinu að 2,6 ma.kr. framlag vegna breikkunar einbreiðra brúa falli niður.

Breyting nokkurra fjárfestingarliða ríkissjóðs




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Er tímasetningin rétt?

Fjárfestingarátaki hins opinbera var ætlað að koma inn á meðan fjárfestingar atvinnuveganna væru í lægð vegna kreppueinkenna í hagkerfinu, bæði 2019 í kjölfar gjaldþrots WOW air og svo vegna Covid-19 faraldursins.

Sé litið á breytingar á fjárfestingum atvinnuveganna annars vegar og hins opinbera hins vegar sést greinilega að opinbert fjárfestingarátak náði aldrei að koma í stað fjárfestingar atvinnuveganna þegar hún fór minnkandi. Breytingar á fjárfestingum atvinnuveganna og fjárfestingum hins opinbera hafa fylgst nokkuð vel að frá árinu 2019. Og nú þegar farið er að birta yfir efnahagslífinu aukast opinberar fjárfestingar hins opinbera á sama tíma og í atvinnulífinu.

Breyting fjárfestingar frá sama fjórðungi fyrra árs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.